



## **148. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. haldinn 17. október 2007, kl. 12:00 í Landbúnaðarstofnun**

Mættir: Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson, Björn B. Jónsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

### **1. Urðun á heyrúllum.**

Í framhaldi af fundi Sorpstöðvar Suðurlands, Landbúnaðarstofnunar og Hrunamannahrepps þann 17 október s.l. hefur Sorpstöð Suðurlands ákveðið að verða við beiðni Hrunamannahrepps og taka við 260 heyrúllum frá Hrafnkelsstöðum sem úrskurðaðar hafa verið af Landbúnaðarstofnun óhæfar til notkunar eða nýtingar í landbúnaði vegna smithættu þar sem riða greindist á bænum sl. haust.

Sorpstöð Suðurlands hefur gert samkomulag við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja um brennslu á heyrúllunum í Kólku.

Áætlaður kostnaður við flutning og eyðingu er um 4 milljónir.

Ekki fleira gert og fundi lokið 12:20